



Stefnumið um samstarf við atvinnulífið um uppbyggingu í þróunarríkjum

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Mars 2025

postur@utn.is

Umbrot og textavinnsla:

Utanríkisráðuneytið

©2025 utanríkisráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Grunnviðmið	5
3. Samstarfsleiðir.....	5
3.1 Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins.....	6
3.2 Þróunarfræ	6
3.3 Fjárfestingar einkageirans - blendingsfjármögnun.....	6
3.4 Nýting íslenskrar sérþekkingar í verkefni alþjóðastofnana	7
3.5 Aðrar stofnanir og samstarfsleiðir.....	8
4. Ábyrgð, eftirlit og árangur.....	8

1. Inngangur

Þær áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir verða ekki leystar nema með samstilltu átaki. Opinber þróunaraðstoð (ODA) ein og sér getur ekki tryggt að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eða markmið Parísarsamkomulagsins og annarra alþjóðlegra umhverfissamninga náist. Þó heildarupphæð opinberrar þróunaraðstoðar í heiminum hafi numið 224 milljörðum bandaríkjadala árið 2023 samkvæmt OECD¹ og aldrei verið hærri, er talið að allt að 4.000 milljarða dali þurfi árlega til að ná þeim markmiðum. Því horfa framlagaríki í auknum mæli til þess hlutverks opinberrar þróunaraðstoðar að draga atvinnulífið og einkafjármagn að borðinu í þágu heimsmarkmiðanna, uppbyggingar og fjárfestinga í þróunarríkjum.

Í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2024-2028 segir að: „mikilvægt sé að íslenskt atvinnulíf styðji við sjálfbæra uppbyggingu í þróunarlöndum, t.d. með tekju- og atvinnuskapandi fjárfestingum og verkefnum sem stuðla að aukinni hagsæld og draga úr fátækt. Hvatt verði til eflingar nýsköpun og áhersla lögð á að fjármögnun verkefna geti leitt til aukinna fjárfestinga annarra aðila. Áfram verði unnið að því að nýta íslenska sérþekkingu þegar færi gefst, enda búi íslensk fyrirtæki, háskólar, stofnanir og einstaklingar yfir margs konar þekkingu sem nýst geti við uppbyggingu í lágtekjuríkjum. Áfram verði unnið að því að efla þennan þátt starfsins og sérstaklega litið til ábendinga í jafningjarýni [Þróunarsamvinnunefndar] OECD (DAC) þar að lútandi.“

Fyrirtæki, fjárfestar og sérfræðingar búa yfir þekkingu, tækni og fjármagni sem mikilvægt er að virkja í þágu heimsmarkmiðanna. Með því að mynda tengingar milli íslensks atvinnulífs og atvinnulífs þróunarríkja vilja íslensk stjórnvöld beina sjónum fyrirtækja að auknum viðskiptatækifærum í þróunarríkjum og stuðla þannig að uppbyggingu efnahagslífs og sjálfbærni ríkjanna.

Á sama tíma er lögð áhersla á mikilvægi þess að efla nýsköpun í þróunarsamvinnu og að fjármögnun verkefna geti leitt til aukinna fjárfestinga annarra aðila.

Stefnumiðum þessum er ætlað að veita ramma utan um starf íslenskra stjórnvalda á þessu sviði og leggja grunn að því að framlög og þátttaka Íslands sé virðisaukandi, sjálfbær og árangursrík. Stefnumiðin skilgreina grunnviðmið, starfshætti og áherslur Íslands varðandi stuðning við þátttöku atvinnulífs og einkageira í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Lögð er áhersla á að þau verkefni sem njóta stuðnings af þróunarframlögum hafi í heiðri þau þverlægu málefnasvið sem sett eru í forgang í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 þ.e. mannréttindi og jafnrétti kynjanna og umhverfis- og loftslagsmál.

¹ OECD (2024), *Development Co-operation Report 2024: Tackling Poverty and Inequalities through the Green Transition*, OECD Publishing, Paris, <https://doi.org/10.1787/357b63f7-en>.

2. Grunnviðmið

Grunnviðmið 1 – Skýrt viðbótargildi verkefna og að þau séu aflvaki frekari fjárfestinga

Fyrirtæki, fjárfestar og sérfræðingar búa yfir þekkingu, tækni og fjármagni sem mikilvægt er að virkja í þágu heimsmarkmiðanna. Mikilvægt er að íslenskt atvinnulíf verði virkur samstarfsaðili í uppbyggingu atvinnulífs í þróunarríkjum og leggi sitt af mörkum til framgangs heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þegar opinberu þróunarfé er varið til verkefna á vegum einkageirans, hvort sem er til einstakra samstarfsverkefna eða fjárfestingaverkefna, fari það til verkefna og fjárfestinga sem hafa skýrt viðbótargildi (e. additionality), þ.e. að þau hefðu ekki orðið að veruleika án opinbers stuðnings. Á sama tíma er áriðandi að einkageirinn hafi hag af að leggja af mörkum til uppbyggingar í þróunarríkjum og verði þannig viðbót við opinbera þróunaraðstoð.

Eitt af hlutverkum íslenskra stjórnvalda er að auka vitund í atvinnulífinu um mikilvægi þess að horfa til þróunarríkja, að mynda tengingar milli íslensks atvinnulífs og atvinnulífs þróunarríkja, og miðla þekkingu á þeim tækifærum sem þar felast til lengri tíma lítið. Þá hafa stjórnvöld líka mikilvægu hlutverki að gegna við upplýsingagjöf og tengslamyndun fyrir aðila atvinnulífs sem varðað getur veginn fyrir frekari fjárfestingar í verkefnum svo stuðla megi að sem mestum þróunaráhrifum.

Grunnviðmið 2 – Samstarf byggist á faglegum grunni og er í samræmi við bestu starfsvenjur og markmið um sjálfbærni

Til að stefna Íslands nái best fram að ganga eru faglegar starfsvenjur og góð fagþekking sett til grundvallar allri þróunarsamvinnu Íslands og gerðar eru kröfur um hið sama af hálfu samstarfsaðila Íslands, þ.m.t. aðila atvinnulífs. Leitast er við að eiga skilvirkt og gagnsætt samstarf við atvinnulífið sem styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Tilmæli frá Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) og önnur viðmið um góðar starfsvenjur á sviði þróunarsamvinnu liggja til grundvallar faglegum starfsháttum íslenskra stjórnvalda. Verkefni sem íslensk stjórnvöld fjármagna skulu hafa mannréttindi, kynjajafnrétti, umhverfis- og loftslagsmál að leiðarljósi og virðing fyrir alþjóðlegum skuldbindingum á sviði viðskiptahátta skal ávallt höfð í heiðri. Hér er m.a. horft til viðmiða er mótuð hafa verið á vettvangi UN Global Compact og Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO Decent Work Agenda).

3. Samstarfsleiðir

Íslensk stjórnvöld leitast við að nýta fjölbreyttar leiðir við framkvæmd þróunarsamvinnu. Gagnkvæm ábyrgð og traust eru leiðarstefið í samstarfinu um að vinna að framgangi heimsmarkmiðanna. Það á einnig við um samstarf við atvinnulífið. Íslensk stjórnvöld munu halda áfram að veita styrki til fyrirtækja sem takast á hendur verkefni í þróunarríkjum sem stuðla að sjálfbærri þróun og styðja við verkefni alþjóðastofnana með sérþekkingu íslenskra ráðgjafa. Jafnframt hyggjast stjórnvöld veita framlög til blendingsfjármögnunarverkefna í samstarfi við önnur framlagsríki og einkaaðila. Á sama tíma verði samtali við einkafjárfesta haldið áfram í viðleitni til að afla fylgis þeirra við fjárfestingar í þróunarríkjum. Því til viðbótar taka íslensk stjórnvöld þátt í Íslensku nýsköpunarvikunni í því skyni að vekja athygli á tækifærum til nýsköpunar í þróunarsamvinnu.

3.1 Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins

Framtíðarvelmegun þróunarlanda byggist á þar verði til öflugt atvinnulíf sem skapar störf og verðmæti sem geta staðið undir þörfum samfélagsins til langs tíma. Stuðningur við sjálfbæra uppbyggingu einkageirans í þróunarríkjum er því mikilvægur og nauðsynlegur hlekkur við að ná þróunarmarkmiðum jafnt sem heimsmarkmiðum.

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu veitir styrki til íslenskra fyrirtækja til verkefna í þróunarríkjum gegn jöfnu eða hærra mótframlagi umsækjenda. Hlutverk sjóðsins er að hvetja einkaaðila til uppbyggingar í þróunarríkjum og draga þannig úr fátækt, stuðla að atvinnusköpun og sjálfbærum vexti í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Í óháðri úttekt á samstarfi við atvinnulífið sem fór fram 2022 fékk Heimsmarkmiðasjóður í meginatriðum jákvæða umsögn og hafa ýmsar ábendingar úttektaraðila verið teknar til greina. Í jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC 2022) var bent á að skilgreina þyrfti betur hverju skuli koma til leiðar með samstarfi við atvinnulífið og vakta með hvaða hætti styrkir úr sjóðnum afla viðbótarfjármagns úr einkageiranum.

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins verður áfram starfræktur árin 2025-2028. Kallað verður sérstaklega eftir umsóknum um verkefni sem hafa umhverfis- og loftslagsáhrif auk þess sem styrkupp hæð árfamíkilla verkefna megi hækka þannig að þróunaráhrif í viðtökuríki verði merkjanlegri.

Sjóðurinn hefur veitt fyrirtækjum ný tækifæri og virkjað íslenskt fjármagn og hugvit til góðs í þróunarríkjum. Ekki er þess að vænta að öll verkefni heppnist, frekar en raunin er almennt með nýsköpunarverkefni. En fyrir vel heppnuð verkefni sem þurfa mun meira fjármagn en sjóðurinn getur veitt er brýnt að ráðuneytið aðstoði fyrirtæki við að finna samstarfsaðila sem geta komið að frekari fjármögnun s.s. í gegnum norrænt samstarf.

3.2 Þróunarfræ

Þróunarfræ er forkönnunarstyrkur til ungra frumkvöðlafyrirtækja og einstaklinga til að ráðast í þróunarsamvinnuverkefni án kröfu um mótframlag. Verkefnahugmyndir þurfa að fela í sér að leitað er nýrra lausna eða tækni til að leysa áskoranir og bæta lífskjör fólks í þróunarlöndum. Framlög í sjóðinn koma til jafns frá utanríkisráðuneytinu og nýsköpunarráðuneytinu en umsóknir fara í gegnum umsóknargátt Rannís. Sjóðurinn lýtur í meginatriðum sömu reglum og „Fræ“ hjá Rannís en reglur sjóðsins verða uppfærðar þannig að hann sé áhugverðari kostur fyrir nýsköpun og undirúning þróunarverkefna.

3.3 Fjárfestingar einkageirans - blendingsfjármögnun

Virkjun einkafjármagns (e. *private capital mobilization*) í þágu sjálfbærrar þróunar er eitt mikilvægasta verkefni framlagaríkja og alþjóðlegra þróunarbanka um þessar mundir til að unnt verði að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar. Byggist umræðan á þeirri staðreynd að margfalt meira fjármagn þurfi til raunverulegra umbóta í þróunarríkjum og svo bregðast megi við hnattrænum áskorunum, s.s. afleiðingum loftslagsbreytinga og tapi á líffræðilegri fjölbreytni, en opinber framlög geta staðið undir. Á sama tíma er framboð fjármagns frá einkageiranum, í raun meira en framboð á góðum fjárfestingaverkefnum, en áhætta af verkefnum í þróunarríkjum kemur oft í veg fyrir að einkageirinn hætti sér í slíkar fjárfestingar.

Á undanförunum árum og áratugum hafa framlagaríki því leitast við að auka vægi blendingsfjármögnunar (e. *blended finance*) í þróunarsamvinnu sinni þar sem þróunarfé er nýtt til að taka fyrstu áhættu (e. *first loss*) af fjárfestingum til að gera þær að álitlegum fjárfestingakosti fyrir einkageirann. Með því gerist hið opinbera aflvaki frekari fjárfestinga, þ. á m. með því að draga úr áhættu einkageirans fjárfestingum í þróunarríkjum og gera áhættumat á þróunarverkefnum aðgengilegra m.a. fyrir stofnanafjárfesta og lífeyrissjóði.

Þátttaka íslenskra stjórnvalda í blendingsfjármögnun getur veitt íslenskum fjárfestum, þar á meðal íslenskum lífeyrissjóðum stuðning við þátttöku í slíkum fjárfestingum, en á 26. ríkjaráðstefnu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP26) 2021 lýstu þrettán íslenskir lífeyrissjóðir vilja sínum til að verja allt að 580 milljörðum króna til grænna/loftslagsvænna verkefna til ársins 2030.

Með framangreint í huga gengu íslensk stjórnvöld, í nóvember 2024, til liðs við aðgerðabandalag um örvun fjárfestinga í þróunarríkjum (Investment Mobilization Collaboration Alliance, IMCA). IMCA er samstarf fjögurra Norðurlanda og Bandaríkjanna um blendingsfjármögnun sem er ætlað að hraða fjárfestingum í verkefnum í þróunarríkjum, einkum þeim sem hafa veruleg þróunaráhrif (e. *impact*), s.s. á sviði orku- og loftslagsmála. Samstarfið miðar að því að nýta opinbert þróunarfé til að taka fyrstu áhættu af fjárfestingum og gera þau þannig að álitlegum fjárfestingakosti fyrir einkaaðila, þ. á m. lífeyrissjóði. Miðað er við að framlög Íslands til verkefna IMCA verði í formi styrkja, en með aðild að samstarfinu er íslenskum lífeyrissjóðum og fagfjárfestum gert kleift að fjárfesta í verkefnum sem annars teldust of áhættusöm og njóta fagþekkingar öflugra fjárfestingasjóða sem IMCA fær til liðs við sig.

Auk IMCA leggja íslensk stjórnvöld einnig fé, eða eru hluthafar í öðrum stofnunum og sjóðum sem fjármagna og/eða veita áhættutryggingar til grænna verkefna, s.s. Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (Nordic Environment Finance Corporation, NEFCO), Norræna þróunarsjóðinn (Nordic Development Fund, NDF), Samstarfssjóð um orku og umhverfi í Afríku (Energy and Environment Partnership Africa, EEP Africa) og Fjölbjóðlegu fjárfestingaábyrgðarstofnunina (MIGA).

3.4 Nýting íslenskrar sérþekkingar í verkefni alþjóðastofnana

Tæknileg aðstoð í þróunarsamvinnu er liður í því að nýta íslenska sérþekkingu í þágu uppbygginguar í þróunarríkjum. Íslensk stjórnvöld munu áfram veita alþjóðastofnunum stuðning í formi faglegrar ráðgjafar íslenskra sérfræðinga. Með þessum hætti er leitast við að hámarka virðisauka Íslands í alþjóðlegu samstarfi og stuðla að framgangi málaflokka sem Ísland telur mikilvæga svo ná megi heimsmarkmiðum SP.

Utanríkisráðuneytið heldur utan um lista yfir sérfræðinga og ráðgjafa á eftirfarandi áherslusviðum:

Endurnýjanleg orka, með áherslu á jarðhita og vatnsafl (heimsmarkmið nr. 7)

Sjálfbær nýting og verndun hafs og vatna (heimsmarkmið nr. 14)

Landgræðsla, sjálfbær landnýting og endurheimt vistkerfa (heimsmarkmið 15)

Jafnréttismál og valdefling kvenna (heimsmarkmið 5)

Samstarfssamningar hafa verið gerðir við nokkrar áherslu- og samstarfsstofnanir um aðgang að íslenskri sérfræðiþekkingu á framangreindum sviðum og geta þær óskað eftir íslenskri sérfræðiráðgjöf í gegnum ráðgjafalistana. Stofnanirnar eru:

Alþjóðabankinn

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO)

Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP)

Alþjóðastofnun um sjálfbæra orku fyrir alla (SEforALL)

Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orku (IRENA)

Alþjóðabankinn er sú stofnun sem mest hefur nýtt sér íslensku ráðgjafalistana. Samstarfssamningar við aðrar stofnanir eru nýrri af nálinni og verður því virku kynningarstarfi sinnt til að auka þekkingu þeirra á ráðgjafalistunum.

3.5 Aðrar stofnanir og samstarfsleiðir

Aðrar nýjar samstarfsleiðir verða einnig teknar til skoðunar, einna helst í samhengi norræns samstarfs eða samstarfs líkt-þenkjandi ríkja á þessu sviði. Samstarf við atvinnulíf í þróunarríkjum er málefnasvið í miklum vexti þar sem breytingar eru örar og því mikilvægt að svigrúm sé til staðar til að móta þátttöku í nýjum samstarfsleiðum með hætti sem hámarkar áhrif alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

4. Ábyrgð, eftirlit og árangur

Utanríkisráðuneytið hefur umsjón með framlögum sem veitt eru til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands, þar á meðal verkefna á vegum einkageirans sem hljóta styrki. Ráðuneytið ber ábyrgð á að verkefni sem styrkt eru séu í samræmi við markmið og áherslur í stefnu Íslands í málaflokknum og að sinna eftirliti með framvindu þeirra og árangri.

Ísland beitir heildrænni árangursstjórnun og eru öll verkefni og framlög rýnd með tilliti til annars vegar áherslna á mannréttindi og jafnrétti kynjanna og hins vegar umherfis- og loftslagsmála áður en til fjárframlaga kemur. Nánari upplýsingar um ábyrgð, eftirlit og árangur má sjá í úttektastefnu fyrir alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, en reglulega eru framkvæmdar úttektir á þeim verkefnum sem íslensk stjórnvöld veita framlög til.